

21. maí 2025

Skólaráðsfundur í Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og ritari fundar, Lilja Rut Bech Hlynsdóttir fulltrúi kennara, Erna Ýr Styrkárstöðttir fulltrúi starfsmanna, Lilja Hrönn Einarsdóttir forstöðumaður í Skólaseli, Bjarni Þórðarson fulltrúi Ársels og fulltrúi foreldra, Árni Brynjólfsson fulltrúi foreldrafélags, Ingólfur Finnbogason fulltrúi foreldra, Jónína Sif Axelsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarns og Róbert Blær Bjarnason fulltrúar nemenda.

Ellen hóf fundinn á að bjóða öll velkomin. Fyrst á dagskrá var að upplýsa að starfsáætlun leikskóladeildar væri í vinnslu og er komin í yfirllestur. Starfsáætlunina þarf að samþykkja fyrir 1. júlí.

Viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna var lögð fyrir í mars/apríl, svarhlutfall var gott 83,3%. Helstu niðurstöður eru að almenn ánægja er með leikskólann og hefur ánægja aukist til muna frá síðustu könnun árið 2023. Enn er þó aðbúnaði ábótavant enda komin tími á viðhald á húsnæðinu. Áhrif fálíðunar hefur áhrif á fjölskyldulífið og brýnt er að vinna markvisst með stefnu og markmið leikskólans. Athugasemd kom frá foreldri afhverju strax er gripið til fálíðunar þegar aðrir leikskólar þurfa þess ekki. Fálíðunarferill er aldrei sett af stað fyrr en búíð er að skoða alla þætti og hvort möguleiki sé að manna daginn á viðunandi hátt en öryggi barna skal ætíð hafa í fyrirrúmi.

Deildarstjórar á leikskóladeild verða áfram sömu og í ár, Samar á Árholti, Jolanta á Lágholti og Anna Dögg á Háholti. Fyrirhugaðar eru breytingar eru húsnæði á leikskólanum. Til þess að rýmið nýtist betur með tilliti til fjölda barna á deild mun Árholt færast á svæði sem Háholt er nú. Þetta hefur í för með sér tilfærslur innan hús til að koma til móts við þarfir barna.

Það gengur vel frístund, Lilja Hrönn og Eggert halda áfram og útlitið fyrir sumarið er gott og haustið lítur einnig vel út með tilliti til mönnunar.

Viðhald á lóð leikskóla var kynnt, búið er að minnka malarsvæðið, komið grassvæði með gúmmímottum og nýtt leiktæki. Vinnan við lóðina gengur vel og lýkur fljótlega.

Nemendafjöldi og skipulag í grunnskóla skólaárið 2025 – 2026 var kynnt. Búið er að raða umsjónarkennurum, 1. bekkur Auður, 2. bekkur Guðbjörg Kristín, 3. bekkur Óðinn, 4. bekkur Lára, 5. bekkur Lilja, 6. bekkur Hörður og 7. bekkur Birgitta.

Umbótaáætlun grunnskóla 2024 – 2025 er í vinnslu og verður kynnt í haust. Niðurstöður skólapúls frá apríl fyrlögn var kynnt. Nemendur 6. og 7. bekk svöruðu könnuninni. Niðurstöður eru almennt mjög góðar. Kemur í ljós að einelti er á góðri niðurleið og tíðni þess hefur farið úr 33.3% í 9;8% á milli október og apríl sem er undir meðalatali landsins. Nemendur hafa meiri ánægju af lestri og stærðfræði og meiri trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum.

Í lok fundar þakkaði Ellen fulltrúum fyrir veturinn sem og þeim foreldrum sem hafa setið tvö ár í skólaráði.

Önnur mál

Spurt var út í af fulltrúa foreldra hvort fyrirhugað sé að auka tímann sem nemendur hafa til að borða í grunnskólanum. Eftir snörp orðaskipti á milli fundaraðila um málið sleit skólastjóri fundinum og sagði að stjórnendur myndu skoða lengd matartíma fyrir næsta skólaár.

Fundarritari

Hanna Sóley Helgadóttir